



## **Minningarsjóður Guðfinnu Júlíusdóttur og Ágústínu Jónsdóttur** Úthlutunarreglur

### **1. grein**

Heiti sjóðsins er Minningarsjóður Guðfinnu Júlíusdóttur og Ágústínu Jónsdóttur. Sjóðurinn skal að öllu leiti vinna samkvæmt skipulagsskrá útgefnu af ættingjum Guðfinnu Júlíusdóttur og Ágústínu Jónsdóttur.

### **2. grein – Tilgangur og hlutverk**

Tilgangur sjóðsins er að styrkja starfsemi yngri flokka, styrkja efnaminni leikmenn til þátttöku og veita leikmönnum yngri flokka Ungmennafélagsins Aftureldingar ferðastyrkt til keppnisferða eða þjálfunarferða sbr. ákvæði í 3.gr. skipulagsskrár.

### **3. grein – Stjórn**

Stjórn sjóðsins er mynduð af þremur einstaklingum þar af í byrjun eru tveir tilnefndir af ættingjum Guðfinnu og Ágústínu og einn tilnefndur af aðalstjórn Aftureldingar sbr. Ákvæði 5.gr. skipulagsskrár.

### **4. grein – Grundvöllur styrkveitinga**

Við mat á umsóknum, mun sjóðsstjórn leggja til grundvallar umsóknareyðublöð sem mikilvægt er að fylla út af kostgæfni. Allar starfandi deildir innan Aftureldingar sem reka starfsemi yngri flokka hafa rétt á að sækja um styrk vegna starfsemi yngri flokka. Styrk vegna sérstakra aðstæðna geta einstaklingar eða deildir félagsins sótt um fyrir hönd iðkandans til greiðslu æfingagjalda. Flokkar, hópar eða einstaklingar innan deilda félagsins geta sótt um ferðastyrki vegna æfinga- eða keppnisferða. Styrkir eru ekki veittir úr sjóðnum til almennra móta (Íslandsmót, bikarmót og þess háttar).

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt að meta umsóknir í samræmi við 4. gr. skipulagsskrár.

### **5. grein – Tilhögun styrkveitinga og umsóknir**

Stefnt skal að, að veittir verði styrkir úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári, í mars og október ár hvert. Umsóknir skulu berast sjóðsstjórn á þar til gerðum eyðublöðum, sem sjóðsstjórn lætur útbúa og eru aðgengileg á heimasíðu Aftureldingar, [www.afturelding.is](http://www.afturelding.is). Sjóðsstjórn er þó heimilt að hafa frumkvæði að einstaka styrkveitingum. Umsóknir og önnur gögn varðandi umsóknir skulu meðhöndluð sem trúnaðarmál og varðveitt í vörslu Aftureldingar. Sjóðsstjórn ber að svara öllum umsóknum sem berast sjóðsstjórninni.

### **6. grein – Styrkir**

Styrkir vegna starfsemi yngri flokkar eru ekki veittir til launakostnaðar.

Styrkir til einstaklinga vegna sérstakra aðstæðna geta tekið yfir æfingagjöld og annan kostnað við þátttöku í íþróttinni.

Styrkir vegna ferðakostnaðar er vegna almenns kostnaðar s.s. þátttöku í móti, leigu á æfingastöðu, ferðakostnaðar eða annar kostnaðar sem til fellur vegna æfingar eða keppnisferðar að heiman.

### **7. grein – Greiðslufyrirkomulag styrkja verður þannig.**

Styrkir verða greiddir út í síðasta lagi tveim vikum eftir úthlutun.

### **8. grein – Endurskoðun reglugerðar**

Reglugerð þessi skal endurskoðuð árlega og samþykkt af UMFA og fulltrúum ættingja Guðfinnu og Ágústínu.